

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 5. september 2017

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Það tilkynnist hér með að ég hef lokið forathugun minni á aðgengi heyrnarskertra að sjónvarpsefni Ríkisútvarpsins. Tilefni hennar voru kvartanir og ábendingar sem mér höfðu borist frá einstaklingum sem búa við heyrnarskerðingu um skort á aðgengi að þjónustu Ríkisútvarpsins. Í tilefni af slíkri kvörtun var ráðuneytinu ritað bréf 10. desember 2014 þar sem óskað var upplýsinga um hvort gerður hefði verið samningur milli þess og Ríkisútvarpsins í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 6. gr. laga nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Í svari ráðuneytisins 13. mars 2014 kom fram að fyrirhugað væri að nýr samningur ráðherra við Ríkisútvarpið liti dagsins ljós á vormánuðum þess árs. Með bréfi til ráðuneytisins 19. júní sama ár var óskað eftir upplýsingum um hvort umræddur samningur hefði verið gerður og afriti af honum. Í svari ráðuneytisins 16. júlí 2014 kom fram að samningurinn hefði ekki verið gerður en vonast væri til að unnt yrði að ljúka gerð hans síðar á árinu. Var það ítrekað í bréfi ráðuneytisins 11. nóvember 2014. Samningur mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2016-2019 var síðan undirritaður 5. apríl 2016. Ég tek fram að í tengslum við athugun mína á málinu hef ég einnig átt í samskiptum við Heyrnarhjálp og Félag heyrnarlausra og bárust mér síðast svör frá fyrrnefnda félaginu með bréfi þess, dags. 7. febrúar sl., þar sem bent er á tiltekin frávik sem félagið gerir athugasemdir við. Afrit af bréfi Heyrnarhjálp þar að lútandi fylgir hjálagt. Ég lét ráðuneytinu eftir að meta hvort og þá hvernig brugðist verði við því sem þar kemur fram.

Af hálfu löggjafans hefur verið lagt til grundvallar í lögum nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, að það skuli veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannapágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarpi, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Þá

hefur löggjafinn falið ráðherra að gera samning við félagið um fjölmiðlun í almannapágu þar sem m.a. skuli kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu, sbr. 4. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 6. gr. sömu laga. Ég tek fram að Ríkisútvarpið ohf. er opinbert hlutafélag sem fellur utan við starfssvið umboðsmanns Alþingis samkvæmt 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að öðru leyti en því sem félaginu hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvörðun um rétt eða skyldu manna, sbr. 2. mgr. 3. gr. Forathugun mín á málinu hefur því lotið að aðkomu ráðuneytisins að því, þ.m.t. við gerð framangreinds samnings.

Eins og áður greinir lá ekki fyrir samningur milli ráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 23/2013 þegar athugun mín hófst. Hann hefur nú verið gerður og er þar m.a. fjallað um skyldur Ríkisútvarpsins ohf. að því er varðar aðgengi heyrnarskertra að sjónvarpsefni Ríkisútvarpsins í samningsgrein 2.2.2. Þar kemur m.a. fram að texta skuli alla forunna innlenda dagskrá og undirbúin innlend innslög í aðalfréttatíma sjónvarps eftir því sem unnt sé. Jafnframt skuli texta fyrir endursýningu innlenda þætti sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu og fréttaskýringarþætti sem sendir séu út í beinni útsendingu. Í ákvæðinu er einnig tekið fram m.a. að við kaup, framleiðslu, meðframleiðslu eða sýningu á öllu efni í dagskrá Ríkisútvarpsins skuli tekið mið af því að aðgengi allra landsmanna sé sem best.

Forathugun mín á þessu máli á sem fyrr segir rætur að rekja til kvartana og ábendinga sem mér bárust áður en framangreindur samningur var gerður og þar með áður en fyrir lá hvort og þá með hvaða hætti ráðherra myndi fullnægja þeirri skyldu sinni samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 23/2013 að kveða á um það í samningi sínum við Ríkisútvarpið ohf. hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Í ljósi þess að umræddur samningur hefur nú verið gerður og með hliðsjón af efni framangreindra kvartana og ábendinga og þess sem fram hefur komið í samskiptum mínum við Heyrnarhjálp - landssambands heyrnarskertra á Íslandi tel ég ekki tilefni til að halda áfram forathugun minni á málinu í þessum farvegi. Ég hef þá einnig í huga að ræksla Ríkisútvarpsins á því almannapjónustuhlutverki sem fjallað er um í samningnum lýtur sérstöku eftirliti fjölmiðlanefndar, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 23/2013, en samkvæmt ákvæðinu skal nefndin árlega leggja sjálfstætt mat á það hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt þetta hlutverk. Við það mat kann m.a. að reyna á hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt skyldur sínar um aðgengi fyrir m.a. heyrnarskertra við rækslu þess. Ég tek fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér frá nefndinni liggur ekki fyrir enn sem komið er mat hennar á þessum grundvelli eftir að samningurinn var gerður.

Ég tel rétt að lokum að taka fram að ég mun áfram fjalla um þær kvartanir sem mér kunna að berast að því leyti sem þær geta fallið undir starfssvið mitt samkvæmt lögum. Ég tek einnig fram að fari svo að ég taki þetta málefni til athugunar á ný að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar mun ég tilkynna ráðuneytinu það sérstaklega. Ég tek fram að síðustu að ég hef hér að framan enga afstöðu tekið til efnis þess samnings sem nú liggur fyrir milli ráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. umfram það sem þar greinir.

Heyrnarhjálp og Félagi heytnarlausra er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Tryggvi Gunnarsson', with a long, sweeping horizontal stroke at the end.

Tryggvi Gunnarsson

